

RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

20 ÁRA REYNSLA

Þjónusta þína fasteign þar til hún selst og aðstoða við kaup á nýrri fasteign



Ég vil vinna fyrir þig.

Hannes
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.isLIND
FASTEIGNASALA

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

03. tbl. 31. árg. Fimmtudagur 30. janúar 2025. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMIA SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á Dalveg 22

Frumherji

Lyfjaval

HEILSA & HANINGJA

Bílaapótek Lyfjaval
HæðasmáraFASTEIGNASALAN
TORGKRAFTUR
TRAUST
ÁRANGURDarri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000

errea

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

MEKÓ

MENNING
Í KÓPAVOGI

Afhentu viðurkenningar og styrk jafnréttis- og mannréttindaráðs



Viðurkenningahafar Jafnréttis og mannréttindaráðs! F.v. Lísu Z. Valdimarsdóttir, Bókasafni Kópavogs, Ólafur Már Hreinsson og Heiðrún Svanhvít Nielsdóttir, dansdeild HK, Sveinn Sampsted ÍSÍ og UMFÍ og Heiðís Geirsdóttir formaður

Sveinn Sampsted og Dansdeild HK hlutu viðurkenningu Jafnréttis- og mannréttindaráðs og verkefni Bókasafns Kópavogs, Get together, hlaut styrk ráðsins.

Sveinn Sampsted hlaut viðurkenningu sem einstaklingur sem skarað hefur fram úr eða markað spor á sviði jafnréttis- og mannrétt-

indamála í tengslum við þátttöku hinsegin fólks og barna í íþróttum. Dansdeild HK hlaut viðurkenningu fyrir það framtak að bjóða gjaldfrjáls dansnámskeið fyrir börn á aldrinum 3-12 ára. Loks hlaut verkefni Bókasafns Kópavogs, Get together, styrk. Get together er opið hús á Bókasafni Kópavogs fyrir hælisleitendur, flóttafólk og innflytjendur. (Framhald á bls. 6).

LÆGSTA
VERÐIÐ
Í KÓPAVOGI
ER Á DALVEGIHAFÍÐ
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



nettó

30%
AFSLÁTTUR
MEÐ VILDARKORTI
LINDARVILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

LIND
FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

340 milljónum verður varið í framkvæmdir í íbúaverkefninu Okkar Kópavogur



Kosning í íbúaverkefninu Okkar Kópavogi hófst sl. fimmtudag og hún stendur til hádegis 4.febrúar. Þetta í fimmta sinn sem íbúar í Kópavogi geta tekið þátt í kosningu um hugmyndir bæjarbúa og forgangsraðað verk-efnum innan sveitarfélagsins.

Að þessu sinni er bænum skipti í tvennt í verkefninu, efri og neðri byggðir. Hverfin sem tilheyra efri byggðum eru Vatnsendi (Kórar, Hvörf og Þing) og Fífuhammur (Lindir og Salir). Neðri byggðum tilheyra Smárahverfi, Digranes og Kársnes.

Alls fara 67 hugmyndir í kosningu, 30 í efri byggðum og 37 í neðri byggðum.

Ýmsar hugmyndir hafa orðið að veruleika í kjölfar íbúakosninga í Okkar Kópavogi. Má þar nefna æfingataeki í Kópavogsdal, leiktæki ýmis konar, ærslabelgi, aukinn gróður, jólalýsingu og bekki.

Íbúar kusu leiktæki á Rútstúni í Okkar Kópavogi

Meðal hugmynda sem fara nú í kosningu eru infrarauð sauna í sundlaugarnar, tjörn í Fossvogsdal, sjósundaðstaða á Kársnesi, vélfryst skautasvell í Kópavogsdal og útiborðtennisborð í Salahverfi.

Alls verður 340 milljónum króna varið í framkvæmdir á þeim hugmyndum sem verða fyrir valinu og þær framkvæmdar á árunum 2025-2027. Íbúar sem verða fjórtán ára á árinu og eldri geta tekið þátt í atkvæðagreiðslu, svo framarlega sem þeir eru með rafræn skilríki.

Markmið Okkar Kópavogs er að hvetja íbúa til að taka þátt í málefnum sem varða nærumhverfi þeirra, fá þá til að leggja fram hugmyndir og forgangsraða verkefnum, og útdeila fjármagni í bæði nýframkvæmdir og smærri framkvæmdir á vegum bæjarins með íbúakosningu.



FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA

| | | | |
|---|---|---|---|
|  |  |  |  |
| Frímann 897 2468 | Hálfmán 898 5765 | Ólöf 898 3075 | Jón 793 4455 |



Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUDAUNS

Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is









554 2510

Sigurljóðið er í senn seiðandi og blátt áfram

Anna Rós Árnadóttir hlýtur Ljóðstaf Jóns úr Vör árið 2025



Verðlaunahafar Ljóðstafs Jóns úr Vör! F.v. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogsbæjar, Kari Ósk Grétudóttir, Anna Rós Árnadóttir, Ragnar H. Blöndal og Elísabet Berglind Sveinsdóttir formaður lista- og menningarráðs

Ljóðstafur Jóns úr Vör er haldinn af Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar en efnt var til samkeppninnar fyrst árið 2002 í minningu skáldsins Jóns úr Vör. Ljóðstafinn hlaut að þessu sinni Anna Rós Árnadóttir fyrir ljóðið Skeljar og var það Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogsbæjar sem afhenti Önnu Rós Ljóðstafinn á afmælisdegi Jóns þann 21. janúar sl.

Ragnar H. Blöndal hlaut önnur verðlaun fyrir ljóðið Japanskir morgnar og þriðju verðlaun hlaut Kari Ósk Grétudóttir fyrir ljóðið Aðrar lendur.

Að auki hlutu fimm ljóð sérstaka viðurkenningu dómnefndar. Aukaleikari greinir hlutverk sitt eftir Jón Hjartarson; Draumur um Þórberg eftir Baldur Garðarson; Speki tímavillinga eftir Bjargeyju Ólafsdóttur, Sverðgleypir eftir Sunnu Dís Másdóttur og Svipting eftir Völu Hauksdóttur.

270 ljóð bárust í keppnina

Alls bárust um 270 ljóð í keppnina að þessu sinni en þau mega ekki hafa birst áður og skulu send inn undir dulnefni höfundar. Dómnefndina í ár skipuðu þau Guðrún Hannesdóttir, Þórður Sævar Jónsson og Þórdís Helgadóttir (formaður).

Anna Rós er meðlimur ljóðahópsins MÚKK

Anna Rós Árnadóttir er fædd árið 1998 á Selfossi en hún er búsett í Reykjavík. Hún stundar meistaranám í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands og er með BA gráðu í sama fagi. Meðfram námi starfar hún við útlánadeild Landsbókasafns Íslands. Anna Rós er meðlimur ljóðahópsins MÚKK, félagsskap ungra

skálda sem hefur látið til sín taka síðustu misseri.

Rökstuðningur dómnefndar

Ljóðstafur Jóns úr Vör árið 2025 er veittur Önnu Rós Árnadóttur fyrir ljóðið Skeljar.

Sigurljóðið er í senn seiðandi og blátt áfram. Skáldið yrkir af nákvæmni og næmni fyrir tungumálinu, sem er listilega einfalt og flæðir áreynslulaust. En undirtónninn er djúpur og uggvænlegur.

Þetta er ljóð um lífsháska, kvíða og óumflýjanlegt skapadægur. Strax í upphafi byður óvænt staðhæfing okkur að ihuga samband okkur við hafið, sem er okkur Íslendingum nærtæk og óhjálkæmleig birtingarmynd ógnar. Eftir því sem á liður færast náttúruaflið nær, með stigvaxandi hásku.

Ljóðið bregður upp skýrum, ágengum og jafnvel skondnum myndum og segir eftirminnlega sögu, án þess þó að endanleg merking þess sé höggin í stein. Það talast á við bæði þjóðsagnaarfinn og bókmenntasöguna. Loks slær skemmtilega óræður og óvæntur snúningur í síðasta erindinu ískuggilegan tón og festir ljóðið rækilega í minni.

skeljar

öll hús eru hús við sjóinn ef maður bara fylgir lögnunum nógu langt eftir stundum þegar hún krýpur á köldum flisunum finnst henni hún heyra daufan óm af fuglagargi

upp úr klósettskálinni og þá hugsar hún um söguna af sjómanninum sem var spáð sjódauda og hætti að róa út hvernig hann flutti eins langt inn í land og hann komst hætti að borða sjávarfang varð tortrygginn út í hvern einasta vota stein sem varð á vegi hans í mörg ár

þangað til einn daginn að hann sofnaði á verðinum bauð tveimur skipbrotsmönnum gistingu hún hugsar um sjóstakkana þeirra hvernig þeir hengdu þá upp og hvernig það draup af þeim á forstofugólfíð yfir nóttina

um hreyfingarlaust andlit mannsins í pollinum í dögum

að lifa er að sofna á verðinum

að deyja er að sofna á verðinum

eins og járnsmiður hugsar hún sem gerir vettvangsrannsóknir á skósólum

eins og konu sem er spáð sjódauda en flytur samt inn í hús þakið skeljum



Auk verðlaunahafa í Ljóðstaf Jóns úr Vör fengu fimm ljóð sérstaka viðurkenningu dómnefndar en alls bárust 270 ljóð í keppnina

BYD
Stærsta rafbílamerki í heimi

SEALION 7

4x4 Staðalbúnaður, brot af því besta:

- 91,3 kWh rafhlaða
- 1500 kg dráttargeta
- 578 lítra farangursrými
- Drægni: 502-615 km (WLTP)
- 230 kWh hraðhleðsla 10-80% á 24 min



Verð: 8.890.000 kr
Orkusjóður: -900.000 kr

7.990.000 kr

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.

Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,
Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 6. febrúar

Síðasti skiladagur er föstudaginn 31. janúar

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Kópavogspósturinn með bæjarbúum í 31 ár - frá 1994

Vefsíða Kópavogspóstisins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAÚST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Jóhanna Katla hlaut fyrstu verðlaun fyrir ljóðið Hugleiðsluljóð í ljóða- samkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar



Fengu viðurkenning í ljóðsamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar. Jóhanna Katla stendur fyrir framan Ásdís bærstjóra

Ásamt því að veita Önnu Rós Árnadóttir Ljóðstaf Jóns úr Vör í síðustu viku í Salnum þá veitti Menningar- og mannlífsnefnd Kópavogsbæjar einnig verðlaun í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar og var dómnefnd sú sama.

Fyrstu verðlaun hlaut Jóhanna Katla Kristjánsdóttir, 6. bekk Kársnesskóla,

fyrir ljóðið Hugleiðsluljóð. Önnur verðlaun hlaut Friðrik Bjarki Sigurðsson, 6. bekk Salaskóla fyrir ljóðið „Veðrið (Hæka) og þriðju verðlaun hlaut Kristjana Lilly Pétursdóttir fyrir ljóðið Hríðin.

Viðurkenningar hlutu Máni Bergmann Sigfússon, 8. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Andheitið, Matthías Haukur Danielsson, 6. bekk Kársnesskóla, fyrir ljóðið Dafnandi

stjörnur, Gabríela Sif O. Þórhallsdóttir, 10. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Dansandi tunglið, Kristín Vala Stefánsdóttir, 10. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Jólanótt, Eva María Ríkhardsdóttir, 8. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Lífið, Eva Benedíktsdóttir og Fjóla Breiðfjörð Arnþórsdóttir, 6. bekk Salaskóla, fyrir ljóðið Ströndin og Inga Bríet Valberg, 6. bekk Snælandsskóla fyrir ljóðið Von.

Góð staðsetning á frábærum útsýnisstað

Opnað fyrir tilboð í lóðir í 2. áfanga í Vatnsendahvarfi

Opnað hefur verið fyrir tilboð í lóðir í öðrum áfanga í Vatnsendahvarfi. Í öðrum áfanga verður úthlutað lóðum fyrir einbýlishús, parhús, klasahús og fjölbýli. Hægt er að skila inn tilboðum í fjórar vikur, frá 23. janúar til 20. febrúar í gegnum útboðsvef Kópavogsbæjar, Tendsign.is.

Hverfið verður ekki þétt byggt

„Við erum mjög spennt að fá nýtt hverfi í Kópavoginn og fundum það í fyrsta áfanga að það er mikill áhugi, enda góð staðsetning á frábærum útsýnisstað í nálægð við mikla náttúrufergurð. Hverfið verður ekki þétt byggt og gert ráð fyrir fallegum grænum svæðum sem flæðir vel í gegnum hverfið. Áhersla er lögð á fjölbreytta byggð í Vatnsendahvarfi með góðum samgöngutengingum fyrir alla ferðamáta. Þá munu íbúar njóta góðs af þeirri þjónustu sem fyrir er í nærumhverfinu auk þess sem reistur verður leikskóli og grunnskóli fyrir 1. til 4. bekk í þessu nýja hverfi,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, bærstjóri



Kópavogs, en í Vatnsendahvarfi verða 500 íbúðir í fjölbýli og sérþýli og fellur byggðin vel að nágrenninu. Lögð er áhersla á sjálfbæra og umhverfisvæna byggð og góðar samgöngutengingar fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

Stefnt er að því að lóðir í öðrum áfanga verði byggingarhæfar í september 2025.

Yfirlitsmynd af Vatnsendahvarfi og eins og sjá má þá er úsýnið fagurt

Haldinn verður kynningarfundur 30. janúar fyrir þau sem þurfa nánari upplýsingar og aðstoð um Tendsign. Fundurinn verður haldinn í Bókasafni Kópavogs og stendur yfir frá 16.00 til 18.30.



Að öllu jöfnu stuttur biðtími

793-5900 | klakipipari@gmail.com

Sérhæfðir í smáverkum



Klakipipari.is



793 - 5900

Vantar pípara?



Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi

Dreymir þig um sérbylí?

Í öðrum áfanga úthlutunar í Vatnsendahvarfi í Kópavogi verður úthlutað lóðum fyrir einbýlishús, parhús, klasahús og fjölbýli. Opíð er fyrir umsóknir 23. janúar til 20. febrúar.

Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi þar sem gert er ráð fyrir um 500 íbúðum í fjölbýli og sérbylí sem falla vel að nærliggjandi byggð. Lögð er áhersla á sjálfbæra og umhverfsvæna byggð og góðar samgöngutengingar fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Gróður og náttúra fléttast inn í opin svæði.

Miðsvæðis í hverfinu er leikskóli og grunnskóli fyrir 1. til 4. bekk. Góð þjónusta er í nærumhverfi þar sem eru skólar, verslun og þjónusta. Þá eru margvíslegir möguleikar til íþróttaiðkunar og útivistar í næsta nágrenni. Frá Vatnsendahvarfi er einstakt útsýni yfir höfuðborgarsvæðið.



Nánari upplýsingar



Kópavogsbær

Tekjulægsti hópurinn er ánægðari en aðrir tekjuhópar

Engir lokunardagar í leikskólum í Kópavogi eftir að Kópsvogsmódelið var innleitt

Aldrei hefur þurft að loka deildum í leikskólum í Kópavogi það sem af er skólaári, og raunar ekki frá hausti 2023 þegar Kópsvogsmódelið var innleitt. Í því felst meðal annars gjaldfrjáls leikskóli sex tíma á dag, aukinn sveigjanleiki í skráningu dvalarstunda og tekjutenging afsláttá af leikskólagjöldum. Markmið breytinganna var að auka stöðugleika og styrkja starfsumhverfi leikskóla.

Frá innleiðingu hefur meðal dvalartími barna styst verulega og eru 7,3 tímar á dag í stað 8,1 tími. 25% barna eru sex tíma eða skemur. 41% barna er 8 tíma eða lengur, en var 85% áður en breytingarnar tóku gildi. Flestir leikskólar Kópavogs eru fullmannaðir og allar deildir opnar.

Stöðugleiki í þjónustunni hefur klárlega batnað til muna

„Markmið við innleiðingu á Kópsvogsmódelinu var að tryggja aukinn stöðugleika í leikskólastarfi og draga úr mönnunarvanda sem hafði verið viðvarandi í áratugi. Gæði skólustarfsins hafa aukist eftir breytingarnar, við höfum aldrei þurft að loka leikskólum sökum mannekle eða veikinda, leikskólar eru fullmannaðir og fleiri börn fá því leikskólapláss.

Stöðugleiki í þjónustunni hefur því klárlega batnað til muna, en staðan í Kópavogi var fyrir breytingar víða sú sama og hjá þeim sveitarfélögum hafa ekki gripið til aðgerða og þurfa oft og reglulega að grípa til faliðunarættana og lokana. Það er ljóst



ad sama staða væri uppi hjá okkur ef við hefðum ekki innleitt Kópsvogsmódelið.“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

Til að meta áhrif breytinganna hafa tvisvar verið lagðar kannanir fyrir foreldra og forsjáraðila sem og starfsfólk, í árslok 2023 og sumarið 2024.

Stjórnendur leikskóla taka eftir auknum áhuga á því að starfa í leikskólum í Kópavogi

Meðal helstu niðurstaðna eru að tekjulægsti hópurinn er ánægðari en aðrir tekjuhópar og vinna er helsta ástæða þess að fólk nýtir ekki sveigjanleika. Fleiri foreldrar eru ánægðir en óánægðir með breytingarnar og meirihluti þátttakenda upplifir aukinn stöðugleika í starfsemi leikskólans og fjölga þeim milli kannana. Fleiri foreldrar eru sammála því að sveigjanlegur dvalartími sé jákvæður fyrir skipulag

Meðal helstu niðurstaðna eru að tekjulægsti hópurinn er ánægðari en aðrir tekjuhópar og vinna er helsta ástæða þess að fólk nýtir ekki sveigjanleika

fjölskyldunnar en eru ósammála. Starfsfólk er almennt mjög ánægt með breytingarnar og stjórnendur leikskóla taka eftir auknum áhuga á því að starfa í leikskólum í Kópavogi.

Í nýrri rannsókn sem gerð var af fræðimönnum úr HÍ og HA á breytingum á starfsumhverfi leikskóla í Kópavogi og á Akureyri, kemur fram að gæði skólustarfs hafi aukist við breytingar hjá sveitarfélögum. Starfsfólk telur að starfsaðstæður séu betri og skipulagning starfsins auðveldari.

Niðurstöður rannsóknar og kannana eru aðgengilegar á vef Kópavogsbæjar.

Minnihlutinn hefur áhyggjur að aðferðafræði kannana Kópavogsbæjar



Minnihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs! F.v. Helga, Bergljót, Sigurbjörg, Theódóra og Kolbeinn

Breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla Kópavogsbæjar voru ræddar á síðasta fundi bæjarráðs og þar voru niðurstöður starfsmanna- og foreldrakönnunar í leikskólum Kópavogs sem framkvæmd var sumarið 2024 á vegum Prósent kynntar. Á fundinum komu fram efasemdaraddir minnihlutans í bæjarráð um aðferðafræði kannana Kópavogsbæjar, en minnihlutinn telur spurningar í könnunum oft leiðandi og óskýrar.

Niðurstöður foreldrakönnunar sýna takmarkaða ánægju með fyrirkomulagið

Vegna þessa lét minnihlutinn bókaða eftirfarandi á fundinum. „Undirrituð lýsa yfir áhyggjum af aðferðafræði kannana Kópavogsbæjar. Spurningar eru oft leiðandi og óskýrar. Til dæmis er óljóst hvort svarið „mjög ósammála“ við staðhæfingunni „Breytingar hafa dregið úr álagi í starfi“ merki að fólk upplifi auknið álag eða óbreytt ástand. Spurningar um starfsanda og svigrúm til undirbúnings faglegs starfs eru ekki settar fram á hlutlausan hátt og ekki mögulegt að lesa neikvæða útkomu úr niðurstöðunum. Þá er óþarfi að spyrja hvort stjórnendur upplifi aukinn áhuga á störfum í leikskólunum, væntanlega eru til tölur um mönnum og eftirspurn eftir störfum.

Niðurstöður foreldrakönnunar sýna takmarkaða ánægju með fyrirkomulagið. Aðeins 30% þeirra sem tóku afstöðu segjast sammála því að breytingarnar hafi haft jákvæð áhrif á líðan barnsins. Á sama tíma eru 21% ósammála, en sökum framsetningar er ómögulegt að meta hvort það endurspeglar áhrifin á líðan barnsins hafi verið neikvæð eða óbreytt. Spurningar um áhrif á fjárhagslegan ávinning og fjölgun gæðastunda eru jafnframt illa orðaðar og gefa litla innsýn. Að lokum eru óþarfar spurningar um t.d. „upplifun á auknum stöðugleika“ sem staðfesta má með fyrirliggjandi gögnum.

Til þess að tryggja að niðurstöður mælinga séu gagnlegar fyrir áframhaldandi þróun verkefnisins, er brýnt að huga að framsetningu spurninga,“ segir í bókuninni.

Hægt að bjóða fleirum leikskólapláss og betri þjónusta Meirihlutinn svaraði bókun minnihlutans þar sem segir m.a. að markmiðið með Kópsvogsmódelinu sé að bæta stöðugleika í leikskólastarfi og vinna gegn langvarandi mönnunarvanda. „Eftir breytingarnar hefur stöðugleiki í leikskólajónustu batnað verulega. Ekki hefur þurft að loka leikskólum sökum mannekle eða veikinda og breytingarnar hafa gert leikskólum sveitarfélagsins kleift að bjóða fleiri börnum leikskólapláss og stuðlað að betri þjónustu fyrir barnafjölskyldur í Kópavogi.

Það er gagnlegt að fá niðurstöður úr starfsmanna- og foreldrakönnunum enda gefa þær vísbendingar um upplifun notenda og starfsmanna. Niðurstöðurnar sýna að fleiri foreldrar eru ánægðir með breytingarnar en óánægðir. Í nýjustu könnun kemur fram að fleiri foreldrar telja breytingarnar hafa jákvæð áhrif á líðan barna sinna, og það er ánægjulegt að sjá að ánægjan hefur aukist á milli mælinga.

Tekjulægri heimili hafa verið sérstaklega ánægð með sveigjanleika og möguleikann á styttri dvalartíma, sem undirstrikar hversu mikilvægt það er að bjóða upp á fjölbreytt úrræði sem mæta ólíkum þörfum fjölskyldna.

Það er eðlilegt að meta framsetningu spurninga í könnunum reglulega og tryggja að þær séu skýrar og gefi sem besta innsýn í viðhorf og upplifun svarenda. Við þökkum ábendingar minnihlutans í þeim efnum og tökum þær til skoðunar með það að markmiði að bæta framkvæmd og framsetningu í framtíðinni,“ segir í bókun meirihlutans.

Mikilvægt sé að sýna auðmýkt Minnihlutinn svaraði þá í nýrri bókun að niðurstöður sýni ótvívert jákvæðan árangur á vissum þáttum en mikilvægt sé að sýna auðmýkt gagnvart því að aðrir liðir þarfnist mögulega endurskoðunar. „Varðandi fullyrðinguna „Niðurstöðurnar sýna að fleiri foreldrar eru ánægðir með breytingarnar en óánægðir“ er rétt að vekja athygli á því að 14% foreldra segjast mjög ánægðir en 16% mjög óánægðir. Undirrituð ítreka nauðsyn þess að rýna niðurstöðurnar með opnum huga og vilja til þess að bregðast við því sem betur má fara,“ segir í bókun minnihlutans.

Framhald af forsiðu Afhentu viðurkenningar og styrk jafnréttis- og mannréttindaráðs

Hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttis- og mannréttindamála



Jafnréttis- og mannréttindaráðs og viðurkenningarhafar, frá vinstri: Hildur María Friðriksdóttir, Lís Z. Valdimarsdóttir Bókasafni Kópavogs, Ólafur Már Hreinsson og Heiðrún Svanhvít Nielsdóttir, dansdeild HK, Indriði Ingi Stefánsson, Sveinn Sampsted ÍSÍ og UMFÍ, Ragnar Guðmundsson, Heiðís Geirsdóttir formaður og Helga G. Halldórsdóttir

Jafnréttis- og mannréttindaráð óskaði eftir ábendingum frá bæjarbúum um einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir, hópa eða félagsamtök sem hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Þá auglýsti ráðið eftir umsóknum um styrki til verkefna sem hafa framgang mannréttinda og jafnréttis í Kópavogi að markmiði. Ákvörðun um viðurkenningar og ráðstöfun styrks var tekin á fundi ráðsins 4. desember síðastliðinn og var viðurkenningarhöfum og styrkhafa afhent viðurkenningarskjal 22. janúar síðastliðin.

Nánar um viðurkenningarhafa:

Sveinn Sampsted hefur komið að íþróttaiðkun með einum eða öðrum hætti frá unga aldri. Fyrst sem iðkandi í Breiðablik, þjálfari og sjálfboðaliði í 23 ár. Í dag starfar Sveinn sem svæðisfulltrúi ÍSÍ og UMFÍ á höfuðborgarsvæðinu. Sveinn hefur haldið fyrirlesturinn hinsegin/íþróttir í

samstarfi við samtökin 78 frá árinu 2022 um land allt. Þá hefur Sveinn nýtt þær spurningar sem hann fékk þegar hann hélt fyrirlesturinn í fræðsluefni sem hann gaf út í samstarfi við samtökin 78 fyrir þá sem bera ábyrgð á íþrótt, tómsunda og æskulýðsstarfi hinsegin barna og ungmenna. Þá hefur Sveinn einnig haldið erindi erlendis þegar hann talaði um hinseginleika fyrir framan 140 manns frá 80 löndum í Ólympiakademiunni í Grikklandi. Ásamt því hefur Sveinn einnig unnið að og haft áhrif á málefni fatlaðra í íþróttum en hann vinnur nú að lokaverkefni í félagsfræði um félagslega þætti sem valda brottfalli fatlaðra úr íþróttum.

Framtak dansdeildar HK að bjóða upp á gjaldfrjáls dansnámskeið er sérstaklega mikilvægt fyrir efnaminni fjölskyldur og framtakið stuðlar þannig að aukinni íþróttátttöku barna óháð bakgrunni eða efnahag.

Um Get together:

Get together er opið hús á Bókasafni Kópavogs fyrir hælisleitendur, flóttafólk og innflytjendur.

Verkefnið er unnið með hjálparstökunum GETA sem halda utan um opnu húsin. Safnið vildi virkja hóp innflytjenda sem nýtti bókasafnið að takmörkuðu leyti og var því verkefnið hluti af því. GETA hefur staðið að opnum húsum á þriðjudögum á haustönn 2024 og var mikil ánægja með verkefnið meðal þátttakanda. Mörg mættu með börn sín á leikskólaaldri, sem ekki voru enn komin inn á leikskóla og var boðið upp á ýmis konar föndur, hannyrðir og fleira í hvert sinn. Í ljósi þess að mikil ánægja var á meðal þátttakanda, Bókasafnsins og GETA var styrkurinn veittur til verkefnisins þar sem mikilvægt þótti að halda áfram með þetta verkefni sem stuðlar að jafnrétti og mannréttindum hælisleitenda, flóttafólk og innflytjendur.



Magic Magnesium

Magnesium Citrate frá **New Nordic** styður við heilbrigða meltingu með því að hafa losandi áhrif á ristil og getur því reynst þeim vel sem þurfa að koma á hreyfingu í þarmana. Það er einnig þekkt fyrir að hafa góð áhrif á sinadrætti og fótapíring.

Magnesium Glycinate frá **New Nordic** er sérlega ganglegt til að styðja við heilbrigt svefnmynstur vegna aminosýrunnar glýsín sem stuðlar að betri svefni. Auk þess hefur **Magnesium Glycinate** slakandi áhrif á taugakerfið og getur stuðlað að léttu skapi og betri andlegri heilsu.

Magnesium Malate frá **New Nordic** er sérstaklega vinsælt meðal íþróttafólks og ekki að ástæðulausu. Það er þekkt fyrir að hafa jákvæð áhrif á orkuvinnslu líkamans, vöðvaþreytu og að styðja við heilbrigði beina. **Magnesium Malate** stuðlar sérstaklega að því að draga úr þreytu og lúa og bæta almennt orkuna.

*FYRIR
MELTINGU*

*FYRIR
SLÖKUN*

*FYRIR
ORKU*



Yndisleg ferð á Tenerife með Lóló fyrir 60+

Dagana 19. mars - 3. apríl nk. býður Úrval Útsýn upp á síðbúna haustferð fyrir 60 ára+ til Tenerife þar sem boðið verður upp á sénsiðna dagskrá fyrir Úrvalsfólk, en Tenerife hefur upp á allt að bjóða sem bestu sólaráfangastaðir geta státað af, veðursæld og einstaka náttúrufergurð. Það kannast sjálfsagt flestir við farastjóra ferðarinnar en það er hún Lóló sem mun halda vel utan um hópinn og stýra ferðinni.



Það leiðist engum með Lóló

Á meðan dvöl stendur mun Lóló halda úti fjölbreyttri og skemmtilegri dagskrá eins og leikfimi, hreyfingu í vatni, göngutúrum og minigolf ásamt öðrum skemmtilegum uppákomum. Þessar ferðir hafa oft selst fljótt upp enda er Tenerife þekkt fyrir einstaka veðursæld, hreinar strendur og fjölbreytta afþreyingu fyrir Úrvalsfólk.

Lóló hefur langa reynslu sem fararstjóri og því eru ferðalangar í góðum höndum hjá henni.

Þetta er spennandi ferð sem þú ert að fara í til Tenerife í mars og það verður nóg um að vera enda ýmislegt í boði? „Já, Tenerife er yndisleg eyja sem gott er að dvelja á, dásamlegt loftslag með þessari góðu hafgölu. Ég er búin að vera með fjölmarga hópa þarna og allir hafa farið alsælir heim. Ég býð upp á alls kyns hreyfingu og skemmtilegheit,” segir Lóló.

En svona yfir höfuð þá er dásamlegt að dvelja á Tenerife og ekki verða að geta valið úr viðburðum sem hægt er að taka þátt í? „Það er nóg í boði alla daga, hreyfing, sund minigolf o.fl. en það

er hvergi skyldumæting, fólk er jú í frii og slökun og hvíld er stærsti parturinn af því,” segir hún brosandi.

En hvernig er aðstaðan og hótelið sem þið bjóðið upp á? „Við dveljum á La Siesta hótelinu sem er mjög gott 4 stjörnu hótél



Hótél La Siesta er gott 4 stjörnu hótél fyrir miðju á amerísku ströndinni

fyrir miðju á amerísku ströndinni. Hótelið býður upp á frábæran aðbúnað að öllu leyti. Það eru aðeins 200 metrar niður að strönd og mjög stutt í alla þjónustu, veitingastaði, skemmtistaði og verslanir.”

Og þetta er ferð fyrir 60 ára og eldri, er þetta ekki skemmilegasti hópurinn til að ferðast með? „Að halda utan um hópa 60+ eru forréttindi. Þetta er yndislegt fólk sem er komið til að njóta þess sem í boði er, en fyrst og fremst að njóta þessa hlýja loftlags og birtunnar.”

Svo ferðalangar munu snúa heim endurnærðir eftir skemmtilega dvöl og góðan félagsskap? „Já, heldur betur. Fólk kemur heim endurnært kátt og glatt og hlaðið af nýrri orku, tilbúið að takast á við daglega rútínu heima á Íslandi,” segir Lóló að lokum en allar nánari upplýsingar er hægt að fá á uu.is

Menntaskólinn í Kópavogi brautskráði 79 nema



Forseti bæjarstjórnar, Elísabet Berglind Sveinsdóttir (l.t.v) afhenti Alexander Má Bjarnþórsyni og Ingu Rut Ómarsdóttur viðurkenningu úr Viðurkenningarsjóði MK, en með þeim á myndinni er Guðríður Brund Helgadóttir skólameistari í MK

Útskrift Menntaskólans í Kópavogi fór fram við hátíðlega athöfn í Digraneskirkju í föstudaginn 20. desember sl. Þá voru brautskráðir 39 stúdentar, átta framreiðslumenn, 15 matreiðslumenn, einn kjótiðnaðarmaður, einn matreiðslumeistari og 15 matartæknar.

Færri komust að en vildu Metaðsókn var í skólann fyrir skólaárið 2024-2025. Einnig bárust fjölmargar umsóknir um áramótin fyrir vorönn 2025. „Það er ánægjulegt að sjá hversu margir vilja stunda nám við skólann en því miður þurfti að vísa mörgum góðum nemendum frá. Það er erfitt að geta ekki boðið öllum skólavist,” segir Guðríður Brund Helgadóttir skólameistari MK.

Líf og fjör í MK „Haustönnin einkenndist af mikilli gleði. Nemendafélag MK stóð fyrir nýnemaferð í Vindáshlíð og kvöldvöku í skólanum. Kennarar félagsfræðideildar stóðu fyrir pallborðsumræðum þar sem frambjóðendur til alþingiskosninga mættu og svöruðu krefjandi spurningum frá áhugasömum nemendum. Gettu betur liðið okkar æfði stíft fyrir undankeppnina sem hefst í byrjun janúar og nemendur fóru í námsferð til Danmerkur. Samstarf hefur verið við Molann, miðstöð unga fólksins í Kópavogi, þar sem nemendum býðst að hittast á kvöldin og spila, spjalla o.fl.,” sagði Guðríður er hún ávarpaði gesti á athöfninni.

Hæfileikarikir nemendur Nemendur Hótel- og matvæslaskólans í MK tóku þátt í ýmsum keppnum og krefjandi verkefnum. „Þeir tóku þátt í kökuskreytingarkeppni, Kornax keppni í bakstri, tóku þátt í Slow food viðburði sem haldinn var í Grasagarðinum og settu upp Street food viðburð í skólanum þar sem þeir kynntu ólíkar matarhefðir frá ólíkum löndum. Nokkrir matreiðslumenn fóru til Noregs og tóku þátt í Nordic young Chef keppni

en úrslitakeppnin var haldin í Hörpu í tengslum við Arctic Circle.”

Rúmlega 300 nemendur á afrekssviði Afrekssviði skólans hefur laðað að sér marga sterka nemendur. Á sviðinu eru rúmlega 300 nemendur sem koma frá 40 íþróttafélögum og stunda um 25 ólíkar íþróttgreinar. „Markmiðið með afrekssviðinu er að koma til móts við nemendur sem vilja ná árangri bæði í námi og íþróttum. Hlutverk okkar í MK er m.a. að stöðja við ungt og efnilegt íþróttafólk til að auðvelda þeim að stunda nám samhliða íþróttaiðkun. Það hefur verið eftirtektarvert að sjá hversu mörgum nemendum á afrekssviðinu hefur tekist að skara fram úr bæði í námi og í sinni íþróttgrein,” sagði Guðríður, en fagstjóri og kennarar afrekssviðsins fóru nýverið til Finnlands og var tilgangur ferðarinnar að taka þátt í að móta samvinnuvettvang fyrir framúrskarandi afrekssviði í framhaldsskólum í Evrópu.

Góður námsárangur Forseti bæjarstjórnar, Elísabet Berglind Sveinsdóttir, afhenti útskriftarmemum viðurkenningar úr Viðurkenningarsjóði MK sem stofnaður var af bæjarstjórn Kópavogs á 20 ára afmæli skólans árið 1993. Tveir namar hlutu viðurkenningu að þessu sinni: Nýstúdentinn, Alexander Mór Bjarnþórsyni með meðaleinkunnina 9,51 á stúdentsprófi og nýútskrifaður framreiðslumaður, Inga Rut Ómarsdóttir fyrir hæstu meðaleinkunn í verknámi.

Rótarýstyrkir Rótarýklúbbur Kópavogs veitti nýstúdent, Alexander Mór Bjarnþórsyni, viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í raugreinum.

Rótarýklúbburinn Borgir veitti nýútskrifuðum matreiðslumanni, Óðni Birgissyni, viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í sérgreinum verknáms.





BURT MED GULA TÓNA



NÚ EINNIG FÁANLEGT Í HAGKAUP

UPPBYGGJANDI TVENNA SEM STYRKIR HÁRIÐ OG EYÐIR ÖLLUM GULUM TÓNUM ÚR LJÓSU OG GRÁU HÁRI

WWW.BPRO.IS FB: /BPROICELAND IG: @BPROICELAND



OKKAR KÖPAVOGUR

ÞITT ER VALIÐ



Við fengum fullt af frábærum hugmyndum frá íbúum í haust og nú er komið að því að velja úr.

Kosning stendur yfir til hádegis 4. febrúar og við hvetjum alla íbúa til að taka þátt. Kjóstu núna!



Nánari upplýsingar



Kjóstu núna!



Árið 2024 var metár í sölu fasteigna í Kópavogi

- segir Hannes Steindórsson fasteignasali, sem reiknar með 8-10% hækkun á íbúðaverði í ár

Fasteignamarkaðurinn á Íslandi hefur verið í brennidepli undanfarið, ekki síst vegna skort á lóðaframboði, hárra vaxta og mikillar verðbólgu sem hafa áhrif á kaupgetu og verðþróun.



Hannes Steindórsson, fasteignasali

Kópavogspósturinn setti sig í samband við Hannes Steindórsson á Fasteignasölu Lind í Bæjarlind, sem er einn af reynslumestu fasteignasölum landsins, um stöðuna á markaðnum, sérstaklega í Kópavogi. Kópavogur hefur lengi verið eftirsóttur staður til búsetu, en löngum hefur verið talað að hann sé nánast uppseldur er kemur að brjóta nýtt land, en þó gefa nýjar lóðir og uppbygging í Vatnsendahvarfi og frekari uppbygging á Glæðheimasvæðinu ákveðin fyrirheit. En er framboð á fasteignum að mæta eftirspurninni og hvernig hefur uppbygging hverfa eins og á Kársnesinu gengið fyrir sig?

Árið 2024 er þriðja stærsta fasteignarár frá upphafi Hannes var fyrst spurður að því hvernig markaðurinn hafi þróast að undanförunum mánuðum með tilliti til hárra vaxta

og verðbólgu? Hver eru helstu áhrifin á kaupendur, seljendur og byggingaverktaka? „Árið 2024 er þriðja stærsta fasteignarár frá upphafi þegar miðað er við fjölda kaupsamninga á öllu landinu u.þ.b. 12.800 kaupsamningar, einungis árið 2007 og 2021 voru stærri. Sömu sögu er að segja um Kópavoginn okkar u.þ.b. 1.300 kaupsamningar 2024 sem er metár. Hins vegar hægðist verulega á með haustinu sökum vaxta verðbólgu og annarra þátta,” segir Hannes.

Sagan sýnir að fasteignaverð hækkar á hverju ári

Er nægjanlegt framboð af húsnæði á Íslandi í dag og þá helst á höfuðborgarsvæðinu eða er mikil eftirspurn, skortur á lóðum, vextir og verðbólga enn að keyra upp íbúðaverð? „Sagan sýnir að fasteignaverð hækkar á hverju ári séu undanskilin hrunárin, fasteignaverð hækkaði um 7-10 % (fjölbýli/sérbyli) á árinu 2024 og gerir sennilega það sama í ár. Framboð er langt frá því að vera nægjanlegt, hvort sem talað er um húsnæði eða lóðir. Það er svo margt sem kemur til þegar fasteignaverð er annarsvegar. Lóðaskortur, íbúðaskortur, vextir, verðbólga, fjölskipting, fjöldi starfandi í byggingageira og margt fleira. Kópavogur hefur verið fremstur í flokki síðastliðin ár og staðið sig vel í lóðaúthlutunum, mikið byggt og gengið vel,” segir hann og heldur áfram: „Hins vegar er klárlega lóðaskortur í dag, fjölskipting er mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, byggingakostnaður og vaxtakostnaður allt of hár og svona mætti lengi telja. Íbúðapörf landsins er u.þ.b. 4200-4800 íbúðir árlega en okkur hefur einungis fjórum sinnum tekist að byggja um 3000 íbúðir, þær tölur sýna vandann. Þrátt fyrir að framboð á lóðum væri nægilegt þá tel

ég að það sé áratugur eða tveir þar til okkur tekst að byggja/afhenda 5000 íbúðir á einu og sama árinu.”

Kópavogur er alltaf vinsæll! Mestur skortur á fimm herbergja íbúðum og litlum 50 fm íbúðum Þegar horft er á Kópavog sérstaklega, hver er staðan í bænum og hvernig eignir eru vinsælastar í dag? Er framboð á eignum í Kópavogi að aukast, fleiri eldri eignir að fara á sölu eða er skortur á ákveðnum tegundum eigna? „Kópavogur er í sæmlegum málum hvað framboð varðar, árið 2023 seldust um 1.300 eignir, þar af fjölbýli um 1.100, rað og parhús um 50 og rétt um 100 einbýli. Kópavogur er alltaf vinsæll,” segir hann brosandandi og bætir við: „Framboð í Kópavogi er samt í lægri kantinum, 250 íbúðir í fjölbýli, um 10 rað- og parhús og 20 einbýli. Þriggja og fjögurra herbergja fjölskiptuíbúðir eru alltaf vinsælastar en einnig þar og raðhús þar sem það kemur lítið af þeim eignum í sölu. Ég myndi telja að mestur skortur sé á fimm herbergja íbúðum og litlum 50 fm íbúðum. Fimm herbergja (fjögur svefnherbergi), sú eining er ekki til og lítið sem ekkert byggt, það vantar þessar einingar inn þar sem milligjöf á fjögurra herbergja íbúð í fimm herbergja þar eða raðhús hefur aukist gríðarlega síðastliðin 10 ár og kemur til með að aukast enn meira.”

Vatnsendahvarf er eitt best heppnaða hverfi sem hefur lengi sést Þessa dagana er óskað eftir tilboðum í lóðir í öðrum áfanga Vatnsendahvarfi, en í þeim áfanga verður úthlutað lóðum fyrir einbýlishús, parhús, klasahús og fjölbýli. Í öllu Vatnsendahvarfi verða 500 íbúðir. Hvaða þýðingu hefur þessi uppbygging fyrir fasteignamarkaðinn



í bænum? „Vatnsendahvarf er eitt best heppnaða hverfi sem ég hef séð lengi, skipulagið, götunarnar, umhverfið og einingarnar mjög vel hannaðar. Þessi uppbygging þýðir bara áframhald á nýjum og fallegum íbúðum og húsum í Kópavoginn, þetta eru ekki það margar einingar að það hafi áhrif á markaðinn almennt en mjög spennandi hverfi.

Þá hefur falleg og vel heppnuð uppbygging m.a. á Kársnesinu og í Smáranum síðustu ár vakið mikla athygli. Hvernig hefur salan gengið fyrir sig og hvernig hafa viðtökurnar verið? „Salan hefur gengið mjög vel og viðtökur góðar. Vesturbærinn/Kársnes, Nónhæð o.fl. hefur gengið vel og Smárin allveg sérstaklega vel.”

Hefði mikil áhrif ef Seðlabankinn breytir 35% viðmiðunarreglu af ráðstöfunartekjum í 40% Hvernig sjáum við svo framhaldið á fasteignamarkaðnum almennt með lækkanði verðbólgu og vöxtum? Eru margir kaupendur á hliðarlínunni að biða eftir þessari lækkan og má þá búast við barningi um íbúðirnar með tilheyrandi yfirboðum, sem mun aftur

þrýsta á hækkun verðbólgunnar? „Ég tel á árið 2025 verði svipað og 2024, með lækkanði vöxtum og verðbólgu fara klárlega fleiri af stað en ella en engu að síður sé ég engan barning því tengdu, það sem hefði mun meiri áhrif er ef Seðlabankinn breytir 35% viðmiðunarreglu af ráðstöfunartekjum í 40% þ.e. kaupendur geta nýtt 35% í dag en þyrfti að hækka í 40% í ljósi stíghækkandi byggingarkostnaðs og á endanum íbúðaverði.”

Því fyrr, því betra

Að lokum, hvaða ráð myndir þú gefa kaupendum sem eru að reyna að fóta sig á markaði við núverandi aðstæður - eru kaup á húsnæði alltaf góð fjárfesting eða er stundum betra að biða og svona óábyrgt, á hvaða leið er fasteignaverð á árinu ef þú rýnir í kristalkúluna? „Mér finnst eflitt að ráðleggja fólki almennt í þessu, hver og einn verður að meta þarfir sínar og sinnar fjölskiptu. Hins vegar get ég sagt þér hvað ég ráðlegg börnunum mínum, ég segi við þau „því fyrr því betra“ þ.e. ég vil að þau komi sér inn á markað sem fyrst,” segir hann og bætir við að lokum: „Varðandi verð þá tel ég að það verði eins og í fyrra 8-10% hækkun, jafnvel aðeins meira,” segir Hannes.

Þarftu aðstoð heima?

sinnum
heimþjónusta

Fyrst kynnumst við þér og þínum þörfum, síðan hönnum við sveigjanlega þjónustuáætlun fyrir þig svo þú fáir heimþjónustuna sem þú þarft á að halda.

Einstök þjónusta eftir þínum þörfum

- ✓ Heimilisaðstoð
- ✓ Umönnun
- ✓ Félagsskapur
- ✓ Útréttingar
- ✓ Þrif
- ✓ Matarinnkaup
- ✓ Undirbúningur máltíða
- ✓ Aðhlyning
- ✓ Liðveisla
- ✓ Lyfjaáminning
- ✓ Félagsleg virkjun

Sinnum heimþjónusta

- ✓ Einstök umönnun fyrir aldraða
- ✓ Persónuleg og sveigjanleg þjónusta
- ✓ Við mætum þörfum og óskum notenda og aðstandenda



ALLIR VELKOMNIR!

ÆFINGAR TIL 31.5.25

MINI TENNIS

FJÖR TFK 5-7 ÁRA

FRÍR PRUFUTÍMI!

TENNISHÖLLIN

Æfingar fara fram í Tennishöllinni. Þar er boðið upp á tennissæfingar fyrir fólk á öllum aldri. Þar er einnig notalegt kaffihús þar sem hægt er að fylgjast með æfingunum!

ÆFINGATÍMAR

Miðvikudaga 14:30-15:30

Laugardaga 11:30-12:30

Sunnudaga **Fullbókað**

Hægt er að velja æfingátíma!



Skráning og nánari upplýsingar



Tennishöllin í Kópavogi



TFK.is



sindri@tennishollin.is





Rafmögnuð stemmning á Kópavogsbliótinu

Það var mikil og góð stemmning á Kópavogsbliótinu eins og undanfarin ár, en bliótíð var haldið í Kórum á bóndadaginn og mættu rúmlega 2500 gestir sem gerir bliótíð það stærsta á landsvísi.

Skemmtikraftarnir Eva Ruza Miljevic og Sigurður Þorri Gunnarsson voru veislu-

stjórar kvöldsins og skemmtu þau gestum af sinni alkunnu sníll.

Þá stigu þeir Sverri Bergmann, Halldór Gunnar, Herra Hnetusmjör, Kristmundur Axel og Patrik Atlason á svið og tóku nokkur lög og þá lék Stuðlabandið fyrir dansi og hélt uppi fjörinu fram eftir kvöldi.

Veitingarnar voru að sjálfsögðu í höndum þorakóngsins í Múlakaffi eins og undanfarin ár.

Eins og síðustu ár þá var um að ræða sameiginlegt þorabliót HK, Breiðabliks og Gerplu. Eins og myndirnar bera með sér var stemmningin rafmögnuð.





MÚLAKAFFI



TAKK FYRIR OKKUR
ÞIÐ ERUÐ SNILLINGAR!



Hallarmúla 1 | 108 Reykjavík | 553-7737 | mulakaffi@mulakaffi.is | www.mulakaffi.is



Heiðruð fyrir 25 ára starf hjá Kópavogsbæ

Starfsfólk sem unnið hefur 25 ár hjá Kópavogsbæ var heiðrað við hátíðlega viðhöfn í Salnum í síðustu viku.

Öll áttu það sameiginlegt að hafa náð aldarfjórðungi í starfi árið 2024 en sú venja hefur skapast hjá bænum að heiðra fólk í ársbyrjun fyrir 25 ára starfsafmæli árið á undan.

Bæjarstjóri Kópavogs, Ásdís Kristjánsdóttir, ávarpaði gesti og rífaði meðal annars upp hversu mikið bærinn hefur breyst og vaxið á tímabilinu. Þá var fjöldi íbúa um 21 þúsund og bærinn tekinn að byggjast upp austan Reykjanesbrautar en íbúar eru rúmlega 40 þúsund í dag. „Við hjá Kópavogsbæ erum stolt af því hversu margir ná þessum áfanga ár hvert. 25 ár eru drjúgur hluti af starfsævinni og ánægjulegt þegar fólk kys að vera hjá sama vinnuveitanda svo langan tíma. Í því eru mikil verðmæti fölgín, með starfsreynslu skapast þekking sem er mikilvæg stofnunum okkar,“ sagði Ásdís við tækifærið.

Sem þakklætisvott fyrir góð störf var gefin mynd eftir Gerði Helgadóttur, Tillaga að mósaíkmynd, gvasssverk frá árinu 1972.

21 fengu viðurkenninguna og eru þau flest starfsfólk grunn- og leikskóla, auk þjónustumiðstöðvar Kópavogs.

Nöfn þeirra sem fengu viðurkenningu fyrir 25 ár í starfi og vinnustaður:

- Eyja Guðrún Sigurjónsdóttir, grunnskólakennari Álfhólsskóla
- Þórunn Eiríksdóttir, grunnskólakennari Álfhólsskóla
- Gyða Guðmundsdóttir, skólalíði Kársnesskóla
- Kristín Þorsteinsdóttir, grunnskólakennari Kársnesskóla
- Gróa Ingibjörg Grétarsdóttir, grunnskólakennari Kópavogsskóla
- Elsa Sif Guðmundsdóttir, grunnskólakennari Lindaskóla
- Hulda Hallgrímsdóttir, grunnskólakennari Lindaskóla
- Nanna Hlín Skúladóttir, grunnskólakennari Lindaskóla
- Jóhanna Pálsdóttir, grunnskólakennari Salaskóla
- Sigrún Snædal Logadóttir, grunnskólakennari Smáraskóla
- Júlía Ágústsdóttir, grunnskólakennari Snælandsskóla
- Rannveig Haraldsdóttir, grunnskólakennari Snælandsskóli
- Guðbjörg Sóley Þorgeirsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri leikskólanum Baugi
- Guðrún Waage, deildarstjóri leikskólanum Efstihjalla
- Auður Elfa Hauksdóttir, leiðbeinandi leikskólanum Fögrubrekku



- Erla Stefania Magnúsdóttir, leikskólastjóri leikskólanum Fífusölum
- Anna María Sigurðardóttir, leiðbeinandi leikskólanum Fífusölum
- Sigríður Pálsdóttir, leikskólakennari leikskólanum Kópasteini
- Rebekka Jóhannesdóttir, leikskólakennari leikskólanum Núpi
- Dóra Margrét Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri leikskólanum Sólhvörfum
- Jusuf Þór Bihorac, birgðastjóri Birgðastöð

Samgöngusáttmálinn er gríðarlegt hagsmunamál fyrir Kópavogsbúa



Framkvæmdir vegna Fossvogsbúar, sem er fyrsta stóra verkefnið í tengslum við Borgarlínuna, hófust formlega í síðustu viku þegar Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs tók fyrstu skóflustunguna að framkvæmdinni, ásamt Eyjólfí Ármannssyni, samgönguráðherra, Bergþóru Þorkeldsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar, Davíð Þorlákssyni, framkvæmdastjóra Betri samgangna og Einari Þorsteinssyni, borgarstjóra Reykjavíkur að viðstöddu fjölmenni.

Umræddar framkvæmdir snúast um vinnu við landfyllingar og sjóvarnir vegna fyrirhugaðar byggingar Fossvogsbúar. Verksamningur milli Vegagerðarinnar og verktafaryrirtækisins Gröfu og grjóts var undirritaður í þar síðustu viku í kjölfar útboðs í nóvember 2024.

Ásdís sagði þetta vera stóran áfanga. „Fossvogsbúin hefur verið til umræðu en þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál, ekki bara fyrir Kópavogsbúa heldur höfuðborgarbúa alla. Hér gerum við ráð fyrir

að 10 þúsund manns muni daglega hjóla, ganga eða fara með Borgarlínunni um brúna. Frábært að við séum komin á þennan stað,“ sagði hún.

En hvað svo með framhaldið er varðar Kópavog og Borgarlínuna, næstu skref innan bæjarmarkanna? „Næst á dagskrá hjá okkur er tengist Borgarlínunni er deiliskipulagsvinna á Kársnesinu, hún hefst næsta haust en við erum að undirbúa hana í samræmi við aðalskipulagið sem er í kynningu núna,“ segir Ásdís.

Kársnesið upp í Hamraborg beintengt við miðbæ Reykjavíkur og stærstu vinnustaði landsins
Og ertu ánægð með að Borgarlínuverkefnið sé farið af stað? „Ég er mjög ánægð með að framkvæmdir við fyrsta áfanga í Borgarlínunni séu hafnar en í þeim áfanga verður Kársnesið upp í Hamraborg beintengt við miðbæ Reykjavíkur og stærstu vinnustaði landsins, háskóla og framhaldsskóla,“ segir hún og bætir við: „Þetta hefur verið langur aðdragandi, en endurskoðun á Samgöngusáttmálanum

var mikilvægur, ekki síst fyrir okkur sveitarfélögin sem hafa nú tryggt aðkomu ríkisins að rekstri Borgarlínunnar.“

Gríðarlegt hagsmunamál fyrir Kópavogsbúa

Hvað segir svo bæjarstjórinn, verður Borgarlínan Kópavogsbúum til bóta og er þetta verkefni hveir krónu virði? „Samgöngusáttmálinn er gríðarlegt hagsmunamál fyrir Kópavogsbúa rétt eins og alla höfuðborgarbúa. Það munu svo dæmi sé tekin um 10 þúsund manns fara yfir Fossvogsbúna samkvæmt áætlunum og það mun auðvelda ferðir þeirra sem geta ekki nýtt sér Borgarlínuna. Þá má ekki gleyma því að með Samgöngusáttmálanum erum við að tryggja að fjármagn sem að meirihluta kemur frá ríkinu muni renna til uppbyggingar stofnvega, göngu- og hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu. Þörfin er mikil eftir rúmlega áratuga framkvæmdastopp í þessum efnun á svæðinu,“ segir Ásdís að lokum.

Gert er ráð fyrir að Fossvogsbú verði tilbúin um mitt ár 2028.

Rammahluti aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Vinnslutillaga.

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt vinnslutillaga rammahluta aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 14. janúar 2025 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 á vinnslustigi vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi. Svæðið afmarkast af strandlínu Kársnes til norðurs og vesturs og af núverandi íbúðarbyggð við Þinghólsbraut, Kársnesbraut og Huldubraut austurs og suðurs. Alls er skipulagssvæðið um 57,2 ha. Svæðið er skilgreint sem samgöngumiðað þróunarsvæði í gildandi aðalskipulagi, þar sem gert er ráð fyrir þéttari og blandaðri byggð við Borgarlínu. Viðfangsefni tillögunnar snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á gæði byggðar, góðar samgöngutengingar m.a. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrymi. Sett er fram heildarsýn fyrir framtíðarþróun svæðisins, sem verður útfærð nánar í deiliskipulagsáætlunum fyrir tiltekna reiti á svæðinu.

Opin hús verða haldin í **Safnaðarheimili Kársnessóknar**, Hábraut 1A, á eftirfarandi dögum:

- Fimmtudaginn 6. febrúar. Opið hús milli kl. 16 og 19.
- Laugardaginn 8. febrúar. Opið hús milli kl. 13 og 16.
- Mánudaginn 10. Febrúar Opið hús milli kl. 16 og 19.

Þar geta íbúar og aðrir hagsmunaaðilar komið og kynnt sér ofangreinda vinnslutillögu ásamt fylgigögnum. **Vakin er athygli á að staðsetning hefur verið breytt frá fyrri auglýsingu.**

Athugasemdum og ábendingum skal skila í gegnum skipulagsgátt www.skipulagsgatt.is, máls nr. 580/2024, eigi síðar en föstudaginn 21. febrúar 2025.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um vinnslutillögu rammahluta aðalskipulags er hægt að hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á skipulag@kopavogur.is.



Kópavogsbær

kopavogur.is

MEKÓ

DAGSKRÁ FEBRÚAR 2025



Tíbrá | Tímans kviða



Safnanótt | Tónleikar í Salnum




Safnanótt | Kópavogskirkja



Sögufélag Kópavogs | Myndgreining



Myndlist og Náttúra



Mám | Stara - leiðsögn



Söngvaskáld | Emmsjé Gauti



Leslyndi | Guðmundur Andri Thorsson